

1. Fundur umhverfis og auðlindateymis 3.apríl 2017, Norðurhelli.

Mætt eru: Vala Jónsdóttir, Helga Björg Arnardóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Kristinn Andersen.

Rætt umfang og hvernig vinnu skal háttáð.

Upphaflega var rætt um að leggja upp með að vinna áfram með gömlu Umhverfis- og auðlindaskýrsluna en við rýni hennar á fundinum sammæltust við um að skrifa þyrfti stefnuna upp á nýtt. Fylgiskjöl eldri skýrslunnar virðast við fyrstu athugun enn getað þjónað nýrri skýrslu.

Við vinnu nýrrar skýrslu þyrfti að gera texta aðgengilegri, skýra inngang og hafa góða kaflaskiptingu. Einnig þarf að vera með skýra og rétta notkun á hugtökum.

Mjög góð aðgerðaáætlun þarf að fylgja nýrri skýrslu.

Rætt var um að ný skýrsla væri hæf til útgáfu, prentunar. MJög skýrt plagg með góðum texta sem auðvelt yrði fyrir stofnanir sveitarfélagsins að vinna eftir.

Rætt var um að kynna sér umhverfisstefnur annarra sveitarfélaga, líkt og Akureyrar, Garðabæjar og jafnvel til fyrirtækja og borga út fyrir landsteinanna.

Fyrir næstar fund:

Kalla eftir:

- stöðu hjólaverkefnis, m.t.t samgangna milli sveitarfélaga og fleira.
- Athuga stöðu Parísarsamkomulagsins, hefur það verkefni komið inn á okkar borð eða erum við að vinna úr því samkomulagi.
- Hvernig er staða umhverfisfræðslu í grunn- og leikskólum og öðrum stofnunum sveitarfélagsins.
- Upplýsingar um grunntölur, varðandi matarsóun, losun gróðurhúsalofttegunda og notkunar á plasti, svo hægt verði að setja sér markmið í því að draga úr losun/notkun/sóun.
- Upplýsingar um innkaup á skaðlegum efnum og notkun þeirra, t.d. við ræstingar og við eitranir.

Kristinn Andersen ætlaði að safna saman upplýsingum um vinnu Krýsuvíkuvinnuhópsins.

Davíð Arnar Stefánsson ætlaði að koma með upplýsingar um verkefni Landverndar með Höfn í Hornafirði.

Vala Jónsdóttir ætlaði að safna gagnlegum upplýsingum um umhverfisstefnur sveitarfélaga eða annarra stofnana.